



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á 75 ára afmæli
Rauða kross Íslands
10. desember 1999**

Formaður Alþjóðaráðs Rauða krossins Cornelio Sommaruga og
George Weber framkvæmdastjóri
Heiðraðir hátíðargestir

Öldin er senn hverfur í haf tímans hefur verið skeið mikilla andstæðna í langri sögu mannkyns, öld ólgu og upplausnar, styrjalda og kúgunar. Aldrei hafa ofsóknir á hendur saklausu fólki, ofsóknir vegna trúar eða kynþáttar, uppruna eða hörundslitar verið miskunnarlausari. Aldrei hafa fjöldamorð og þjóðernishreinsanir verið hryllilegri. Aldrei hafa grimmdarverkin hrakið jafn marga á flótta og í útleið. Aldrei fyrr hafa fleiri fallið í valinn.

En öldin hefur einnig verið okkur gjöful, einstakt framfaraskeið með vaxandi vitund um rétt einstaklinga og þjóða til sjálfsákvörðunar og frelsis, vaxandi virðingu fyrir mannréttindum og helgi mannsins sjálfs, réttinum til öryggis og friðar.

Um leið og óhæfuverk og hörmungar hafa oft verið handan alls skilnings, hefur samlíðanin með mannfólkinu öllu sem betur fer styrkst og vaxið, samkennd og samúð fundið máttugan farveg, viljinn til að líkna þeim sem lenda í þraut birst í völdugum samtökum um álfur allar.

Það Ísland sem heilsaði Rauða krossinum fyrr á öldinni var enn fjarlægt umróti heimsins. Fábreytni í fátækum sjávarþorpum og upp til heiða mótaði tilveruna. Sú hugsun virtist framandi að Íslendingar yrðu fullgildir þátttakendur í alþjóðlegri hreyfingu samhjálpur og mannúðar.

En framsýn var sú sveit sem svo snemma sá að sjálfstæðið var ekki aðeins fólgið í nýrri stjórnskipun og lögformlegum rétti heldur miklu fremur í þeirri hugsjón að Íslendingum bæri að halda með öðrum ótrauðir

til þess verks að skapa þjóðum heims betri og lífvænlegri veröld, að gera samúð og samvisku að sterkum streng í samstarfi okkar við aðrar þjóðir.

Rauði krossinn hefur verið merkisberi þessarar hugsjónar í íslensku samfélagi; svo þjóðlegur og íslenskur í atorku sinni og starfi að stundum kemur á óvart að hann er um leið hlekkur í alþjóðlegri keðju, keðju sem reynst hefur traustari en flest annað sem smíðað hefur verið til að bæta sambúð manna og gera samhjálpinu að leiðarljósi við lausn erfiðra vandamála.

Rauði krossinn hefur unnið hug og hjörtu þjóðarinnar með framgöngu sinni og árangri heima og heiman. Þjóðin hefur kosið að fela honum lykilverk í öryggi og björgun, við að veita sjúkum og slösuðum, fólki sem þarfnast umhyggju og alúðar þá aðstoð sem nauðsynleg er og ein dugir.

Rauði krossinn hefur í reynd verið samnefnari þeirrar samhjálpar sem er svo samgróin eðli og vitund íslenskrar þjóðar að þegar hættu ber að höndum eru viðbrögð okkar sem um væri að ræða heimagarð og eigin hag. Í raun getur þjóð vart veitt samtökum meiri trúnað en að fela þeim slíkt hlutverk. Sú er staða Rauða krossins meðal okkar Íslendinga.

Rauði krossinn hefur einnig, einkum á síðari árum, orðið í æ ríkari mæli fulltrúi Íslands í alþjóðlegu starfi til hjálpar og björgunar. Við höfum kosið, stjórnvöld og þjóðin öll, að fela Rauða krossinum merki Íslands og treysta því að með verkum hans verði framlag lands okkar metið og nýtt.

Þegar jarðskjálftar leggja borgir í rúst, þegar ófriður knýr þúsundir til flóttu og milljónir eru án skjóls og klæða þá kemur íslenski Rauði krossinn á vettvang, birgður mat og fötum sem þjóðin hefur safnað. Hugrekki og úthald, hlýja og mannúð hafa verið eðalkostir þess góða fólks sem íslenski Rauði krossinn hefur sent á vettvang og þjóðin hefur stolt fundið fögnuð í hjarta sér við að sjá hina vösku sveit skila góðu verki.

Löndin eru orðin ærið mörg sem á þennan hátt hafa notið hjálpar og aðstoðar íslenska Rauða krossins á undanförunum árum og þannig hefur Rauði krossinn auðgað og breikkað skerf Íslands til alþjóðlegrar samhjálpar, gert okkur kleift að halda reisu okkar á vettvangi þar sem verkin ein bera sannleikanum vitni.

Á þessum merkum tímamótum í sögu Rauða krossins færi ég þakkir íslenskrar þjóðar og þá einlægu von að við megum áfram njóta þeirra góðu verka sem sett hafa svip á glæsilegan og árangursríkan feril.

I would like to offer a special welcome to Cornelio Sommaruga the President of the Red Cross and Secretary General George Weber.

Your presence here today is a tribute to the contribution which the Icelandic Red Cross has made to the international community, a tribute which we value highly and indeed touches our hearts.

It is the sincere wish of the Icelandic nation and it's elected representatives that the Icelandic Red Cross should continue to bring aid and assistance from our country to those in need and in danger.

We see the Icelandic Red Cross as the standard bearer of our contribution to the international cooperation which provides help and assistance when tragedies and disasters, wars and violence destroy the homes and lives of people in other parts of the world. We see your presence here today as a manifestation of our joint determination to make the world a safer place for all.

Megi Rauða krossinn um ókomna tíð verða þjóð okkar og umheimi öllum til hjálpar og huggunnar á erfiðum stundum í lífi einstaklinga og þjóða.